

Fimmtudaginn 3. júní 1993.

Nr. 69/1993. **Ákærvaldið**(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn**Jóhanni Magna Jóhannssyni**

(Jónatan Sveinsson hrl.).

Fiskveiðibrot. Frávísun að hluta.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1993 til sakfellingar samkvæmt ákæru, refsíákvörðunar og upptöku afla og veiðarfæra. Til vara krefst hann þess, að ákærða verði ákveðin refsing og afli gerður upptækur samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Renni andvirði afla í sjóð samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Loks er þess krafist, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Verjandi ákærða krefst staðfestingar héraðsdóms og þess, að felldur verði á ríkissjóð allur áfrýjunarkostnaður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð álitgerð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar, skólameistara Stýrimannaskólans í Reykjavík, svo og nokkur önnur ný gögn.

Staðfesta ber héraðsdóm um sýknu af ákæru um veiðar á bannsvæði við Hrollaugseyjar 13. janúar síðastliðinn.

Eins og segir í héraðsdómi, var ákærði við togveiðar á skipi sínu fyrrnefndan dag í janúar innan við svokallaða karfalínu og notaði þá botnvörpu með poka með minni möskvastærð en lög leyfðu þar. Gagnstætt því, sem segir í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja ákærana geyma verknaðarlýsingu, sem tekur til þessa atferlis. Ákæran er um það, er hér skiptir máli, tekin upp í héraðsdóm, og verður hún eftir orðum sínum eigi skilin á þann veg, að það ákæru-efni, sem varðar möskvastærð, takmarkist við fyrrgreint bannsvæði.

Samkvæmt þessu ber að sakfella ákærða fyrir notkun ólöglega veiðarfæra. Varðar hún við 1. mgr. 1. gr. reglugerðar um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir nr. 38/1991. Refsing ákærða samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1976 er hæfilega ákveðin 400.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og er þá horft til þess, að 100 gullkrónur jafngiltu 4.067,88 krónum hinn 19. maí síðastliðinn, síðasta starfsdag í bönkum fyrir munnlegan flutning máls þessa. Rétt er, að þriggja mánaða varðhald komi í sektar stað, ef hún verður eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Lög nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla féllu úr gildi 1. september 1992 við gildistöku laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla. Upptökuákvæði 18. gr. laga nr. 81/1976 er ekki lengur fullnægjandi lagaheimild til upptöku aflans um borð í Frigg, VE 41, hinn 13. janúar sl. Er rétt að vísa frá dómi varakröfu ákærvalds um upptöku afla.

Um sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað fer eins og segir í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Kröfu um upptöku afla Friggjar, VE 41, 13. janúar 1993 er vísað frá dómi.

Ákærði, Jóhann Magni Jóhannsson, greiði 400.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Þriggja mánaða varðhald komi í sektar stað, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði að hálfu sakarkostnað í héraði, þar á meðal hálf saksóknarlaun í héraði, 25.000 krónur, og hálf tildæmd málsvarnarlaun, 25.000 krónur. Þá greiði hann hálf saksóknarlaun í Hæstarétti, 30.000 krónur, og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns þar, Jónatans Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður úr ríkissjóði.

## Dómur Héraðsdóms Suðurlands 20. janúar 1993.

## I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 17. s. m., á hendur ákærða, Jóhanni Magna Jóhannssyni, fæddum 22. nóvember 1955, til heimilis að Hólagötu 38 í Vestmannaeyjum, skipstjóra á togskipinu Frigg, VE-41, „fyrir fiskveiðibrot með því að hafa síðla kvölds miðvikudaginn 13. janúar 1993 verið á botnvörpuveiðum á skipinu, sem er 155 brúttórúmllestir og 25,94 lengdarmetrar, í fiskveiðilandhelgi Íslands á svæði við Hrollaugseyjar, þar sem fiskveiðar með flot- og botnvörpu eru bannaðar, og fyrir að hafa notað við veiðarnar botnvörpu, sem útbúin var þoka með möskvum langt undir áskilinni möskvastærð og einungis leyfðri til karfa veiða utan karfalínu.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 22. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, og við reglugerð um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar nr. 174/1990, enn fremur við 1. mgr. 1. gr., sbr. 1. og 2. gr., og ákvæði til bráðabirgða, I. lið a, reglugerðar um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir nr. 38/1991, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 382/1992, sbr. 12. gr., og að því er varðar reglugerð nr. 174/1990, 5. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 4. gr. laga nr. 118/1984, sbr. enn fremur í heild 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948 og lög nr. 45/1975 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., og 18. og 21. gr. laga nr. 81/1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins, þar með töldum dragstrengjum, svo og öllum afla innan borðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ. m. t. saksóknarlaun til ríkissjóðs“.

— — —

## II.

Hinn 14. janúar sl. barst sýslumanninum í Vestmannaeyjum tilkynning frá Landhelgisgæslu Íslands þess efnis, að varðskipið Óðinn hefði staðið mb. Frigg, VE-41, að ætluðum ólöglegum veiðum innan svæðis, sem tiltekið er í reglugerð nr. 174/1990 um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar. Segir í tilkynningunni, að skipin muni koma til Vestmannaeyja að morgni næsta dags, og er þess óskað, að viðeigandi ráðstafanir verði gerðar af hálfu embættisins vegna þessa. Þá segir, að skipherra Óðins muni leggja fram kæru vegna ætlaðra brota skipstjórans á Frigg, VE 41, við komu skipanna til Vestmannaeyja.

— — —

Fyrir liggur, að togskipinu Frigg, VE-41, var að kvöldi miðvikudagsins 13. janúar sl. siglt inn á hafsvæði það, sem tiltekið er í reglugerð nr. 174 frá 25. apríl 1990 um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar. Var sigling skipsins innan svæðis í samræmi við staðarákvarðanir landhelgisgæslu, sem áður eru raktar.

Samkvæmt gögnum málsins var togskipið utan við nefnt reglugerðar-svæði, þegar varðskipið Óðinn kom að því klukkan 23.33 að kvöldi um-rædds miðvikudags. Veiðarfæri skipsins voru ekki í sjó, þegar að var komið, og ekki sáu varðskipsmenn skipið vera að veiðum fyrir þann tíma.

Ákærði hefur staðfastlega og allt frá upphafi rannsóknar máls þessa neitað sakargiftum, að því er tekur til ætlaðra veiða hans innan hins lokaða svæðis. Er framburður hans í öllum meginatriðum í samræmi við vætti annarra skipverja, sem gefið hafa skýrslur hjá lögreglu eða fyrir dómi.

Af hálfu ákærvalds hafa verið tilfærð nokkur atriði, sem að mati þess eiga að sýna fram á, að ákærði hafi verið að veiðum á þeim stað og tíma, sem ákæra greinir. Er hér um stuðst við skýrslur skipherra varðskipsins Óðins, Sigurðar Steinars Ketilssonar, og vitnisburð þeirra skipverja, sem könnuðu aðstæður um borð í Frigg, VE 41, og höfðu þar tal af ákærða. Eru atriði þessi áður rakin. Það er hins vegar mat dómsins, að sakfelling verði ekki á þeim reist. Þykir að öllu virtu ekki vera til að dreifa haldbærum rökum, til þess að hafnað verði í refsímáli þessu staðhæfingum ákærða um málsatvik. Er þannig ósannað, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærði hafi að kvöldi miðvikudagsins 13. þ. m. verið á botnvörpuveiðum á togskipinu Frigg, VE-41, á hafsvæðinu við Hrollaugseyjar, þar sem fiskveiðar með botnvörpu eru bannaðar, sbr. reglugerð nr. 174/1990.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa miðvikudaginn 13. þ. m. verið við tog-veiðar á umræddu skipi innan svonefndrar karfalínu, sbr. I. lið a ákvæðis til bráðabirgða reglugerðar nr. 38/1991, sbr. reglugerð nr. 382/1992. Við þær veiðar hafi hann notað botnvörpu, sem útbúin var poka með minni möskvastærð en áskilin er við veiðar á greindu hafsvæði. Ákæra málsins hefur hins vegar ekki að geyma verknaðarlýsingu, er tekur til þessarar hátt-semi ákærða, og verður því eigi dæmt um hana í því máli, sem hér er til meðferðar, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákærvalds í máli þessu. Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 skal allur kostnaður sakarinnar greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 50.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Georg Kr. Lárusson, sýslumaður í Vestmannaeyjum, sókn málsins.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari (dómsformaður) kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Friðriki Ásmundssyni skólastjóra og Hirti Hermannssyni skipstjóra.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Magni Jóhannsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Péturssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.

---